

Jóla- og nýárskveðja frá Menntavísindasviði

Árið 2022 var viðburðaríkt og skipulögðu starfsfólk og nemendur sviðsins fjölda viðburða sem höfðu fengið að biðja í heimsfaraldri. Metfjöldi var brautskráður frá Menntavísindasviði í júní, eða um 670 kandítatar. NERA, stærsta norræna menntaráðstefna var á haldin í júní sl. og sóttu hátt í eitt þúsund manns ráðstefnuna. Rýnt var í mikilvægi menntarannsókna á opunarhátíð Menntakviku í október með þátttöku mennta- og barnamálaráðherra og háskóla- og nýsköpunaráðherra. Fjölbreyttar menntarannsóknir voru kynntar sem snerta flest svið samfélagsins, s.s. jafnrétti, uppeldi og menntun, nám og kennslu, skóla- og frístundastarf, íþróttir, heilsu og velferð ungra sem aldna.

Eitt af því sem einkenndi starfsemi sviðsins á árinu er öflugt samstarf við samfélagið. Menntafléttan hefur vaxið og dafnað á árinu og eflir námssamfélög kennara og fagfólks um allt land; Mixtúra, tækni- og sköpunarsmiðja Skóla- og frístundasviðs flutti í Stakkahlíð og Nýsköpunarstofa menntunar hélt innreið sína í Vísindagarða HÍ.

Framundan á nýju ári 2023 eru spennandi verkefni, ekki síst áframhaldandi undirbúningur að flutningi sviðsins í Sögu sem áætlaður er árið 2024. Stefnt er að því að í Sögu muni hjarta menntunar, íþróttar og velferðar slá áfram í takti við þarfir og væntingar samfélagsins alls.

Ég færi starfsfólki sviðsins og samstarfsaðilum innilegar þakkir fyrir samstarfið á árinu. Megi árið 2023 vera gæfuríkt.

Hátíðarkveðjur,

Kolbrún Þ. Pálsdóttir

Forseti Menntavísindasviðs

Fréttir af Menntavísindasviði 2022

Vandræðaálfur veldur usla

Bókasafn Menntavísindasviðs fékk óvæntan gest í desember þegar vandræðaálfurinn hreiðraði þar um sig, breytti jólatré í eldfjall, sólaði sig í jógahorninu, gerði origami, og breytti einkunn á lokaprófi sínu. Fregnir af álfinum má lesa á [fésbókarsíðu](#) bókasafnsins.

Flutningur Menntavísindasviðs í Sögu

Mikill undirbúningur undir flutning Menntavísindasviðs í Sögu hefur átt sér stað á árinu. Málþing var haldið um skipulag og hönnun námsumhverfa háskóla í Stakkahlíð. Misserisþing ársins voru bæði helguð flutningi í Sögu og hefur töluverð forvinna því átt sér stað.

Sjá fréttir:

[Framtíðar náms- og kennsluumhverfi háskóla](#)

[Flutningur Menntavísindasviðs í nýja Sögu](#)

NERA haldin á Íslandi

Stærsta menntaráðstefna á Norðurlöndum haldin á Íslandi dagana 1.- 3. júní. Menntavísindasvið hélt ráðstefnuna í samstarfi við samtökin Nordic Educational Research Association en yfirskrift ráðstefnunnar í ár var: Menntun og þátttaka á óvissutímum. Sjá frétt:

[Stærsta menntaráðstefna á Norðurlöndum NERA](#)

Sókn á sviði nýsköpunar menntunar

Ný starfseining Nýsköpun og menntasamfélag var sett á laggirnar sem styður við nýsköpun á sviði menntunar, kennsluþróun og starfsþróun. Sjá heimasíðu:

www.nymennt.hi.is

Þá hóf Nýsköpunarstofa menntunar starfsemi sína. Sjá frétt:

[Nýsköpunarstofa menntunar stofnuð](#)



Leikskólinn í deiglunni

Viljayfirlýsing var undirrituð um þróun og innleiðingu fagháskólanáms í leikskólakennarafræðum á landsvísu. Fjallað var um rannsóknir á sviði leikskólakennarafræða og stöðu leikskólalabarna. Metfjöldi leikskólakennara brautskráðist í júní á þessu ári.

Sjá fréttir:

[Viljayfirlýsing undirrituð um fagháskólanám í leikskólakennarafræðum](#)

[Reynsla er metin og viðurkennd](#)

[Mörg börn telja sig vera lengi í leikskólanum](#)

[Fleiri vilja í leikskólakennaranám](#)



Nemendur héldu sýninguna #Égvilvinna

Nemendur Menntavísindasviðs í starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun buðu til útskriftarráðstefnu 10. maí og sýning nemenda #Égvilvinna opnaði á Háskólatorgi í október. Sjá frétt:

[Sýningin #Égvilvinna opnuð á Háskólatorgi](#)

Samstarf um nám, læsi og þroska

Menntafléttan ferðaðist um landið og studdi við námssamfélög kennara og fagfólks í skóla- og frístundastarfi. Sjá frétt:

[Menntafléttan fjölbreytt og áhugaverð](#)

Læsi er lykill að menntun ráðstefnan var haldin í byrjun mars og læsisneisti var kveiktur í Vestmannaeyjum með verkefninu Kveikjum neistann. Sjá frétt:

[Læsi er lykill að menntun](#)

Austur-Vestur sköpunar- og tæknismiðjur er spennandi verkefni í Ingunnarskóla, Vesturbæjarskóla og Selásskóla þar skólastarf er þróað í samvinnu við fræðafólk af Menntavísindasviði. Sjá frétt:

[Austur-Vestur sköpunar og tæknismiðjur](#)

Íslenskuþrú sett á laggirnir í samvinnu við Hugvísindasvið.

Sjá frétt:

[Íslenskuþrú yfir í kennslu- og uppeldisstörf](#)

MENNTAKVIKA 2022

6. - 7. október

60 Málstofur / 210 Erindi

Menntakvika

Á Menntakviku voru að vanda kynntar rannsóknir um það sem efst er á baugi í menntavísindum.

Sjá fréttir og umfjallanir:

www.menntakvika.hi.is

[Hvaða máli skipta menntavísindi?](#)

[Forseti MVS ræðir Menntakviku á Morgunvakt RÚV](#)

Jafnréttisrannsóknir á Menntavísindasviði

Út kom rannsókn um hvernig nýútskrifuðum konum í kennslu í vegni fyrstu tvö ár í starfi.

[Hvernig vegnar nýútskrifuðum konum í kennslu í starfi](#)

Lýsingar mæðra á börnum sínum í opinberum viðtölum 1970-1979 samanborið við 2010-2019 var, kynnt á árinu.

[Úr sjálfstæðum og jafnréttissinnuðum í fullkomin og frábær börn](#)

Fræðakonur á Menntavísindasviði gáfu út bókina Aðstæðubundið sjálfræði sem fjallar um líf og aðstæður fólks með þroskahömlun.

[Aðstæðubundið sjálfræði - ný bók komin út](#)

Rannsókn sem beinist að feðrum sem beitt hafa ofbeldi í nánum samböndum er í gangi.

[Rannsakar ofbeldi feðra í nánum samböndum](#)

Orðræðan um hinsegin fólk rannsókuð í sögulegu ljósi.

[Frá kynferðislegum útlögum til fyrirmyndarborgara](#)

Unnið var að viðamikilli rannsókn um fötlun á tíma faraldurs.

[Fatlað fólk ekki haft með í viðbragðsáætlunum í hamförum](#)



Fjölbreyttar rannsóknir á sviði heilsueflingar, forvarna og líðan barna og ungmenna

Nærst var og notið í sjónvarpsþáttum á RÚV sem Anna Sigríður Ólafsdóttir, prófessor við MVS, stýrði og fjallað um bragðlaukaþjálfun.

Sjá fréttir:

[Anna Sigríður kennir fólki að nærast og njóta á RÚV](#)

[Leikgleðin getur dregið úr matvæðni](#)

Fyrsta heildarskýrsla Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar var kynnt á haustdögum. Sjá frétt:

[Neteinelti algengara meðal 6.bekkinga en 10.bekkinga](#)

Fjallað var um svefnrannsóknir og heilsuhegðun ungra Íslendinga. Sjá frétt:

[Íslensk ungmenni sofna seint og sofa stutt](#)



Málþing og sérrit til heiðurs Jóni Torfa Jónassyni

Sjá frétt: [Fjölmennt á málþingi til heiðurs Jóni Torfa](#)

Hlekkur á sérrit:

[Sérrit - Framtíð og tilgangur menntunar](#)

Fjölmiðlarannsókn

Menntavísindastofnun framkvæmdi fjölmiðlarannsókn á árinu sem snéri m.a. að því hve mikið börn og ungmenni nota samfélagsmiðla. Sjá frétt:

[Hversu skaðleg er notkun samfélagsmiðla?](#)



Átta nýir lektorar ráðnir

[Átta lektorar ráðnir](#)

30 ára afmæli Tímarits um uppeldi og menntun

[30 ára afmæli Tímarits um uppeldi og menntun](#)

Mixtúra fékk aðsetur í Stakkahlíð

Samstarf Menntavísindasviðs við Reykjavíkurborg eflidist til muna þegar Mixtúra, tækni- og sköpunarsmiðja, flutti inn í Stakkahlíð með teymi sérfræðinga.

[Mixtúra fær aðsetur á Menntavísindasviði](#)

Átta útskrifuðust með doktorspróf á árinu 2022

Dr. Svava Björg Mörk. Titill: Samstarf í þriðja svæðinu: Nýr námsvettvangur í leikskólakennaranámi á Íslandi.

Partnership in the Third Space: Creating a new learning arena in Icelandic preschool teacher education.



Dr. Rúna Sif Stefánsdóttir. Titill: Tengsl milli hlutlægs mælds svefns og hugrænna þátta hjá íslenskum unglungum. Associations between objectively measured sleep and cognition in older Icelandic adolescents.



Dr. Sigrún Þorsteinsdóttir. Titill: Rannsókn á börnum með matvendni, með og án taugaproskaraskana í tveimur þýðum: Fæðumiðuð íhlutun í skólaumhverfi með börnum og foreldrum, og börn í offitumeðferð. Fussy eating in children with and without neurodevelopmental disorders in two study cohorts: A food based-intervention in a school setting with parent child dyads, and children attending obesity treatment.



Dr. Karen Elizabeth Jordan. Titill: Að flétta saman skapgerðarmenntun og mikilvægi gilda innan umhverfis- og sjálfbærnimenntunar: Þverfræðileg rannsókn á sameiginlegum flötum, áttakapólum og möguleikum. Integrating character education and the values aspect of environmental and sustainability education: An interdisciplinary study exploring common ground, tensions, and feasibility.



Dr. Ívar Rafn Jónsson. Titill: Námsmatmenning skiptir máli: Upplifun kennara og nemenda af námsmati og endurgjöf. Assessment culture matters: Teachers' and students' perceptions of assessment and feedback.



Dr. Ósk Dagsdóttir. Titill: Skapandi stærðfræði: Starfsþróun í íslenskum grunnskóla. Creative Mathematics: Professional Development in an Icelandic Compulsory School.



Dr. Björn Rúnar Egilsson. Titill: Þáttaskil leik- og grunnskóla frá sjónarhóli foreldra barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. The Transition from Preschool to Primary School: Views of Parents of Children from Diverse Backgrounds in Iceland.



Dr. Katrín Ólafsdóttir. Titill: Kynjað og kerfisbundið ofbeldi. Orðræðan um ofbeldi í nánum samböndum á Íslandi: Kerfislæg vandamál og þróun sjálfsmýndar. Gendered and Structural Violence: The discourse on intimate partner violence in Iceland: Structural problems and the development of the self.

